Fæðubótarefni - Tilkynningar

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Tilkynning móttekin	Tilkynning/ Málakerfi	1. Tilkynningar um fæðubótarefni eru skráðar af tilkynnanda í gegnum Þjónustugátt MAST (umsokn.mast.is) á þar til gert rafrænt eyðublað sem finna má á þjónustugáttinni undir Umsóknir/Matvæli. Tilkynning vistast sjálfkrafa í málaskrá undir málalykli 9.4.5 (SKRA-113). Heiti máls er: Fæðubótarefni-Tilkynning. Eitt mál verður til fyrir hverja tilkynnta vöru. Tilkynningin er send til sérfræðings á stjórnsýslusviði sem fer með fæðubótarefni.Tilkynnandi getur fylgst með stöðu máls í þjónustugátt. Öll gögn vegna málsins skulu vistuð undir málinu. Sérfræðingur á stjórnsýslusviði annast framkvæmd vinnulýsingarinnar sbr. tl. 2-6 (LBE-025).
2. Mat	t-póstur	2. Tilkynningin/varan er skoðuð og athugað hvort allar upplýsingar fylgi. Ef þörf er fyrir frekari upplýsingar frá tilkynnanda er þeirra óskað með tölvupósti til viðkomandi. Ef hægt er að afgreiða málið án frekari upplýsinga er næsta skref samkvæmt lið 6.
3. Leitað umsagna	Bréf	3. Metin er þörf á frekari umsögnum og þeirra óskað með bréfi til stofnana/sérfræðinga ef þörf krefur. Afrit af umsagnarbeiðni er sent til tilkynnanda.
4. Leitað eftir aths. frá tilkynnanda	Umsagnir	4. Ef umsagnir berast eru þær sendar til tilkynnanda og honum gefinn kostur á að tjá sig um þær.
5. Mat á umsögnum		5. Ef tilkynning fer í umsagnaferil sbr. lið 3 og 4 eru umsagnir og athugasemdir tilkynnanda metnar.
6. Skoðun vöru og álit	Bréf	6. Varan er skoðuð með tilliti til innihaldsefna og skyldumerkinga fyrir öll fæðubótarefni (sbr. LBE-025). Bréf með formlegri móttöku tilkynningar og athugasemdum varðandi vöruna, ef einhverjar eru, er sent til tilkynnanda með afriti til þess heilbrigðiseftirlitssvæðis sem tilkynnandi er staðsettur á.
Endir		